

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000, jarðgöng milli Bolungarvíkur og Hnífsdals.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. mars 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Breytingin felst í því að á svæði við suðausturmörk gildandi aðalskipulags er gert ráð fyrir nýrri legu þjóðvegur 61 (Djúpvegur) og að núverandi þjóðvegur tengist nýja veginum á því svæði sem flugbraut lá áður. Aðalskipulagsuppráttur stækkar út fyrir núverandi skipulagsmörk þar sem gert er ráð fyrir jarðgöngum að sveitarfélagamörkum við Ísafjarðarbæ. Alls eru jarðgöngin frá Ósi að Skarfaskeri í Hnífsdal um 5.130 m löng og er land á svæðinu skilgreint sem óbyggt svæði. Svæði fyrir þjónustustofnanir (flugbraut) breytist í óbyggt svæði. Íbúðarsvæði til síðari nota breytist í opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir að þvera Ósá með 12-16 m langri brú.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. mars 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.